

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1161/2009

2011/EES/55/19

frá 30. nóvember 2009

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 að því er varðar upplýsingar um matvælaferlið fyrir stjórnendur matvælaframleiðinga sem reka sláturhús (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu ⁽¹⁾, einkum 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu. Í III. þætti II. viðauka við þá reglugerð er einkum gerð sú krafa til stjórnenda matvælaframleiðinga sem reka sláturhús að þeir óski eftir, taki við, sannreyni og bregðist við upplýsingum um matvælaferlið að því er varðar öll dýr, önnur en villt veiðidýr, sem eru send eða senda á í sláturhús.
- 2) Í 2. lið þess þáttar er kveðið á um að viðkomandi stjórnendur skuli fá upplýsingar um matvælaferlið ekki seinna en 24 klukkustundum fyrir komu dýranna til sláturhússins, nema við þær aðstæður sem og getur í 7. lið sama þáttar. Í 7. lið er kveðið á um að ef lögbært yfirvald veitir leyfi til þess megi upplýsingarnar fylgja tilteknum dýrum, sem tilgreind eru í þeim lið, til sláturhússins í stað þess að koma þangað a.m.k. 24 klukkustundum áður.
- 3) Þar eð veiting upplýsinga um matvælaferlið er ný krafa til stjórnenda matvælaframleiðinga, sem innleidd var með reglugerð (EB) nr. 853/2004, er með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2076/2005 frá 5. desember 2005 um bráðabirgðafyrirkomulag við framkvæmd reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004, (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004⁽²⁾ mælt fyrir um aðlögunartímabil áður en sú krafa kemur að fullu til framkvæmda.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. nóvember 2009.

- 4) Einkum er greitt fyrir óhindruðu upplýsingastreymi varðandi matvælaferlið frá býli til sláturhúss með 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 2076/2005 en þar er veitt undanþága frá kröfunum, sem mælt er fyrir um í 2. lið III. þáttar II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, um að veita upplýsingarnar um matvælaferlið 24 klukkustundum fyrir komu dýranna til sláturhússins, ef lögbært yfirvald hefur veitt leyfi til þess og ef þetta stefnir markmiðum þeirrar reglugerðar ekki í hættu.
- 5) Reynslan hefur sýnt að það leiðir til snurdulausrar framkvæmdar á kröfunum um upplýsingar um matvælaferlið að gera lögbærum yfirvöldum kleift að fjölga, með tilliti til hvers tilviks fyrir sig, þeim aðstæðum þar sem heimilt er að senda upplýsingar um matvælaferlið til sláturhússins með dýrunum sem þær varða í stað þess að senda þær 24 klukkustundum áður. Í samræmi við það þykir rétt að gera þetta bráðabirgðafyrirkomulag endanlegt.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi oðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stj. ESB L 314, 1.12.2009, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 59/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á I viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 1.

⁽¹⁾ Stj. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55.

⁽²⁾ Stj. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 83.

VIÐAUKI

Í stað 7. liðar. III. þáttar II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 komi eftirfarandi:

- „7. Veiti lögbært yfirvald leyfi til þess og að því tilskildu að það stofni markmiðum þessarar reglugerðar ekki í hættu mega upplýsingar um matvælaferlið berast sláturhúsinu innan við 24 klukkustundum fyrir komu dýra af öllum tegundum, sem upplýsingarnar varða, í sláturhúsið eða fylgja þessum dýrum til sláturhússins.

Allar upplýsingar um matvælaferlið, sem kunna að valda alvarlegri röskun á starfsemi sláturhússins, skulu þó gerðar aðgengilegar stjórnanda matvælafyrirtækisins, sem rekur sláturhúsið, með góðum fyrirvara fyrir komu dýranna til sláturhússins svo viðkomandi stjórnandi matvælafyrirtækisins geti skipulagt starfsemi sláturhússins í samræmi við það.

Stjórnandi matvælafyrirtækisins, sem rekur sláturhúsið, skal meta viðeigandi upplýsingar og leggja upplýsingarnar sem honum bárust um matvælaferlið fyrir opinberan dýralækni. Ekki er heimilt að slátra eða gera að dýrunum fyrr en opinberi dýralæknirinn hefur veitt leyfi til þess.“